

## L Ö G

107

30. des.

um breytingar á lögum nr. 34 2. apríl 1943, um Fiskveiðasjóð Íslands.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Aftan við 4. gr. laganna bætist nýr liður, svo hljóðandi:  
d. Til olúgeyma.

2. gr.

6. gr. laganna breytist þannig:

1. Í stað orðanna: „b-lið og c-lið“ komi: b-, c- og d-liðum.
2. Í stað „ $\frac{2}{5}$ “ komi: helmingi.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. desember 1943.*

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

*Vilhjálmur Þór.*

## L Ö G

108

30. des.

um heilsuhæli fyrir drykkjumenn.

## RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkið skal taka við rekstri hressingarheimilisins í Kumbaravogi, enda renni eignir heimilisins endurgjaldslaust í ríkissjóð. Skal heimilið rekið sem heilsuhæli fyrir drykkjumenn á kostnað ríkissjóðs undir yfirstjórn þess ráðherra, sem fer með heilbrigðismál. Ríkisstjórninni er heimilt að ákveða, að hælið skuli flutt og rekið á þeim stað, er hún telur henta, og skal greiða úr ríkissjóði þann kostnað, sem af því leiðir.

2. gr.

Sérstök þriggja manna stjórnarnefnd skal hafa með höndum rekstur hælisis, ráða forstöðumann, lækni og annað starfsfólk með samþykki ráðherra. Ráðherra skipar stjórnarnefndina, formann og tvo meðstjórnendur, og skal annar þeirra valinn eftir tilnefningu stórstúku Íslands. Stjórnarnefndin starfar kauplaust.

3. gr.

Engan má taka til dvalar á hælínu nema eftir ákvörðun læknis þess. Ef læknir samþykkir, er heimilt að taka til dvalar á hælínu: